

ÍSLENSKIR FJÁRFESTAR HF.

VERKLAGSREGLUR UM FLOKKUN VIÐSKIPTAVINA

MARS 2016

I. Almenn atriði

1. Stefna þessi er sett á grundvelli 21 gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti(vvl)

II. Gildissvið

1. Reglur þessar gilda, eftir því sem við getur átt, um alla víðskiptavini Íslenskra fjárfesta hf.
2. Reglur þessar taka til víðskipta með fjármálagerninga, sbr. skilgreiningu 2. tl. 1. mgr. 2. gr. vvl.

III. Flokkun víðskiptavina

1. Íslenskir fjárfestar hf. flokka víðskiptavini sína í víðurkennda gagnaðila, fagfjárfesta og almenna fjárfesta.
2. Fyrirtækið hefur komið á fót verkferlum við flokkun víðskiptavina, sbr. eftirfarandi:
 - a. Uppfylli víðskiptavinur eftirfarandi skilyrði, er hann skilgreindur sem víðurkenndur gagnaðili:
 - i. Lögaðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. fjármálafyrirtæki og fyrirtæki tengd fjármálasviði, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, líffeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
 - ii. Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:
 1. heildartala efnahagsreiknings er 1.847 millj. kr. eða hærri;
 2. hrein ársvelta er 3.695 millj. kr. eða meiri;
 3. eigið fé er 185 millj. kr. eða meira. Fjárhæðir samkvæmt þessum lið eru grunnfjárhæðir sem eru bundnar gengi evru (EUR) 3. janúar 2007 (92,37).
 - iii. Ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
 - b. Falli víðskiptavinur ekki undir þessi skilyrði, er óskað eftir upplýsingum um hvort víðskiptavinur sé fagfjárfestir sem hafi það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðili sem fæst við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarvíðskipti. Ef víðskiptavinur staðfestir að hann falli þar undir, munu Íslenskir fjárfestar hf. óska eftir frekari upplýsingum svo unnt sé að meta hvort víðskiptavinur skuli almennt flokkaður sem fagfjárfestir eða með tilliti til tiltekinna víðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar. Sé víðskiptavinur ekki flokkaður sem fagfjárfestir að einhverju tilliti, skal farið með hann sem almennan fjárfesta að því leyti.
 - c. Ef víðskiptavinur telst ekki vera fagfjárfestir flokka Íslenskir fjárfestar hf. hann sem almennan fjárfesti.
 - d. Þegar Íslenskir fjárfestar hf. tilkynnir víðskiptavini að hann teljist fagfjárfestir, hvort sem það er almennt eða með tilliti til tiltekinna víðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar, skal fyrirtækið jafnframt upplýsa að hann geti óskað eftir að ekki verði farið með hann sem fagfjárfesti heldur sem almennan fjárfestir. Ef víðskiptavinur lýsir því yfir að hann vilji gangast við því, skal fyrirtækið gera skriflegt samkomulag við víðskiptavininn þess efnis að ekki verði farið með viðkomandi sem fagfjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna víðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

- e. Aðilar, sem ekki teljast fagfjárfestar skv. a–d-lið 9. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007, geta óskað eftir því við Íslenska fjárfesta hf. að farið verði með þá sem fagfjárfesta. Íslenskir fjárfestar leggja þá mat á sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu viðskiptavinarins og hvort hún veiti nægilega vissu fyrir því að hann geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. Til að farið verði með viðskiptavin sem fagfjárfesti samkvæmt þessari grein skal hann uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:
- i. að hafa átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi,
 - ii. að verðgildi verðbréfaeignar fjárfestis skal nema meira en 46,2 millj. kr., fjárhæð þessi er grunnfjárhæð sem er bundin gengi evru (EUR) 3. janúar 2007 (92,37),
 - iii. að fjárfestir skuli gegna eða hafa gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.
- f. Til að viðskiptavinur geti óskað eftir því að teljast fagfjárfestir, verður hann að tilkynna Íslenskum fjárfestum hf. skriflega hvort hann óski eftir að hafa slíka stöðu almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Íslenskir fjárfestar hf. mun gefa þeim skýra skriflega viðvörðun um þá réttarvernd og þann bótarétt sem þeir kunna að verða af og skulu viðskiptavinir í sérstöku skjali lýsa því yfir að þeim sé kunnugt um afleiðingar þess að missa slíka réttarvernd.
- g. Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna Íslenskum fjárfestum hf. um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta.

Samþykkt í stjórn Íslenskra fjárfesta hf. 22. mars 2016

Stjórn Íslenskra fjárfesta hf.

Júlíus Rógnsson
Ragnheiður
Rannveig